



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Umsögn framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs vegna málefna heimilislausra með fjölpættan vanda

Dags: 28. mars 2022

Málsnúmer: 202203436/10.0

Málsmeðferð: Til afgreiðslu

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Inngangur

Þann 1. nóvember 2021 var erindi samráðshóps velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu sent til stjórnar SSH til afgreiðslu. Var þar lagt til að ráðinn yrði verkefnastjóri til að greina þörf á sértækum úrræðum fyrir heimilislaustr fólk, leggja fram tillögur til úrbóta og framkvæmdar. Snýr tillagan að sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur.

Á 537. fundi stjórnar SSH, þann 7. mars sl. var eftirfarandi niðurstaða bókuð: „Stjórn felst á framlagða tillögu, sem send verði til efnislegrar umræðu og afgreiðslu hjá viðkomandi sveitarfélögum.“ Í framhaldi þeirrar afgreiðslu yrði samráðshópnum falin frekari framkvæmd á verkefninu.

Umsögn

Í 46. gr. félagsþjónustulaga nr. 40/1991 er kveðið á um skyldu sveitarfélags til að bjóða einstaklingum úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda meðan unnið er að varanlegri lausn. Þar er því lögð rík skylda á sveitarfélögin að aðstoða einstaklinga í húsnæðismálum sem eru ófærir um það sjálfir, hvort sem það er að bjóða upp á skammtíma- eða langtímalausn á húsnæðisvanda.

Frá upphafi árs 2019 hefur Mosfellsbær verið með samning við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um aðgengi íbúa Mosfellsbæjar að neyðarskýlum velferðarsviðs, það er Gistiskýlinu fyrir karla og Konukoti fyrir konur. Á hverju ári hafa komið upp tilvik þar sem einstaklingar með lögheimili í Mosfellsbæ nýta sér gistinguna meðan um er að ræða bráðan vanda viðkomandi. Sem dæmi voru fjórir einstaklingar sem nýttu sér neyðarskýli velferðarsviðs á árinu 2021 í samtals 30 nætur. Ekki hefur verið um langtímanotkun einstaklinga að ræða á þessu tímabili.

Að auki hefur fjölskyldusvið haft aðgang að gistiheimilum Mosfellsbæjar sem hefur þá verið nýtt yfir lengri tíma meðan unnið er að varanlegri lausn á húsnæðismálum viðkomandi einstaklings, svo sem í gegnum félagslegt leiguhúsnæði á vegum sveitarfélagsins. Einn einstaklingur er nú að nýta sér slíka neyðarráðstöfun.

Þó svo að heimilisleysi einstaklinga með lögheimili í Mosfellsbæ hafi hingað til almennt verið skammvinnnt er sá vandi sannarlega til staðar í sveitarfélaginu. Enn fremur má leiða líkur að því að með stækkandi sveitarfélagi sé hægt að eiga von á að sá vandi muni síður en svo fara minnkandi.

Niðurstaða

Gert er ráð fyrir að kostnaður Mosfellsbæjar vegna ráðningar verkefnastjóra í málefnum heimilislausra verði 1,5mkr. á árinu 2022, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Hins vegar er hægt að færa rök fyrir því að mikilvægt sé að fylgja öðrum sveitarfélögum í þessu mikilvæga verkefni þar sem heimilisleysi íbúa Mosfellsbæjar hefur sýnt sig hafa verið til staðar í sveitarfélaginu á vissum tímum og ekki líklegt að það muni fara minnkandi.



MOSFELLSBÆR

VIRBING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjölisdóttir